

Utanríkisráðuneyti  
Rauðarárstíg 25  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2022  
UST202203-277/A.P.  
10.05.00

**Efni: Umsókn um leyfi - vísindarannsóknir í landhelgi - efnahagslögsögu og landgrunni Íslands**

Vísað er til erindis utanríkisráðuneytisins er barst 21. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn fyrirtækisins Running Tide Iceland ehf. um leyfi til að stunda vísindarannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Rannsóknirnar snúast í aðalatriðum um að skilja hvernig rækt á stórbörungum á rúmsjó geti fangað CO<sub>2</sub> úr andrúmsloftinu til að stemma stigu við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Ráðgert er að rækta stórbörunga á tilgreindum svæðum og nota í þeim tilgangi rannsóknarbúr. Jafnframt er ráðgert að rækta nokkrar mismunandi tegundir stórbörunga á litlum flothylkjum úr vikurhúðuðu trjákurli úti á rúmsjó. Flothylkin eiga síðar að leysast upp og sökkva til botns.

Í umsókn um leyfi er tekið fram að stórbörungarnir verða ræktaðir með því að gróliðum er komið fyrir á bönd sem eru fest á kaðla. Í umsókninni er ekki tekið fram hvaðan gróliðirnir eru fengnir en stofnunin bendir á að um innflutning og dreifingu lifandi framandi lífvera þarf sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar skv. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að leyfi verði gefið út fyrir ákveðnu umfangi til tiltekins tíma og bendir á að í umsókninni kemur ekki fram fjöldi kaðla eða annars búnaðar. Samkvæmt 10 gr. laga nr. 41/1979 skal skulu umsókn um leyfi til rannsókna, skv. 9. gr. sömu laga, m.a. fylgja nákvæmar upplýsingar um upphaf og lok rannsóknartímabils. Enn fremur telur stofnunin mikilvægt að í leyfi verði höfð skilyrði um frágang á búnaði (t.d. köðlum, baujum og akkerum) að rannsókn lokinni.

Í umsókninni segir að hluti rannsóknarinnar er að rækta stórbörunga á litlum flothylkjum úr vikurhúðuðu trjákurli úti á rúmsjó. Eftir 3 - 9 mánuði leysast flothylkin upp og sökkva til botns. Umhverfisstofnun bendir á að þetta gæti fallið undir 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda en skv. greininni er varp náttúrulegra, óvirkra efna, þ.e. fastra jarðefna sem ekki hafa verið unnin efnafraðilega og samsett eru úr efnunum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið, háð leyfi stofnunarinnar. Umhverfisstofnun óskar því eftir að haft verið samband við stofnunina og nánar gert grein fyrir efnasamsetningu flothylkjanna og hvort þau leysist upp eða sökkvi til botns til að fá úr því skorið hvort þessi þáttur rannsóknarinnar falli undir 9. gr. laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að fjaran sem er í námunda við svæðið þar sem fyrirhugað er að koma fyrir köðlum á litlu dýpi er á náttúruminjaskrá. Um svæðið segir: „Ósmelur er stór og fagur jökulgarður frá síðjökultíma. Meðfram ströndinni eru jarðlög með forniskeljum. Hvalfjarðareyri er fundarstaður baggalúta. Svæði í nánd við þéttbýli með mikilvægt að fjörunni verði ekki raskað.“ Stofnunin telur mikilvægt að fjörunni verði ekki raskað.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Sigríður Skaftadóttir,  
*sérfræðingur*